

## Álagning fasteignagjalda og útsvars í Húnaþingi vestra árið 2019

Útsvar	14,52 %	
Fasteignaskattur A-gjald	0,36 %	af fm. húss og lóðar
Fasteignaskattur B-gjald	1,32 %	af fm. húss og lóðar
Fasteignaskattur C-gjald	1,30 %	af fm. húss og lóðar
Lóðarleiga, almennt gjald	8,80	kr. pr. m <sup>2</sup>
Lóðarleiga, ræktað land	1,20	kr. pr. m <sup>2</sup>
Holræsagjald	0,21%	af fm. húss og lóðar
Vatnsskattur	0,27%	af fm. húss og lóðar
Aukavatnsskattur	14,00	kr. m <sup>3</sup>
Hreinsun rotþróa:		
0-2000 lítra	7.900 kr. pr. þró	
2001-4000 lítra	9.500 kr. pr. þró	
4001-6000 lítra	11.300 kr. pr. þró	
6001 lítra og stærr	2.984 kr. pr. m <sup>3</sup>	
Sorpgjald á íbúðarhúsnæði, regluleg sorphirða.	kr. 37.600	
Sorpeyðingargjald, sumarbústaðir og íbúðir í dreifbýli þar sem ekki er hirt sorp.	kr. 16.200	

Lóðarleigu og fasteignaskatt skv. A-B-og C gjaldi skal innheimta frá fyrstu skráningu hjá Fasteignamatí ríkisins, en holræsagjald, vatnsskatt og sorpgjöld skal innheimta frá þeim tíma að fasteign hefur verið skráð með byggingarstig 4.

Gjalddagi gjalda undir kr. 20.000 er 1. maí.

Gjalddagar gjalda á bilinu kr. 20.001 til 38.000 eru 1. apríl og 1. júlí.

Aðrir gjalddagar eru 1. mars, 1. apríl, 1. maí, 1. júní, 1. júlí og 1. ágúst.

## **Reglur um afslátt af fasteignaskatti árið 2019.**

**Reglur um afslátt af fasteignaskatti til tekjulágra elli- og örorkulífeyrisþega eru vegna íbúðarhúsnæðis þeirra til eigin nota og fyrir þá sem eiga lögheimili í Húnaþingi vestra. Afslátturinn er tekjutengdur og miðaður við árstekjur skv. nýjasta skattframtali, þ.m.t. eigna- og fjármagnstekjur, og tekur einungis til fasteignaskatts.**

### **Tekjuviðmiðun:**

#### **Fyrir einstaklinga:**

- a) Með heildartekjur allt að kr. 3.500.000 fær 100% afslátt.
- b) Með tekjur umfram kr. 4.700.000 enginn afsláttur.

#### **Fyrir hjón og samskattað sambýlisfólk:**

- a) Með heildartekjur allt að kr. 4.700.000 fær 100% afslátt.
  - b) Með heildartekjur umfram kr. 6.400.000 enginn afsláttur.
- Ef tekjur eru skv. framangreindu bili er veittur hlutfallslegur afsláttur.

1. Elli- og/eða 75% örorkulífeyrisþegi hefur heimild til að leggja fram tekjuvottorð vegna tekna næstliðins árs, og breytast þá tekjuforsendur skv. ofangreindu tekjuviðmiði.
2. Skilyrði fyrir niðurfellingu er að viðkomandi búi sjálfur í húsnæðinu og hafi ekki af því leigutekjur.
3. Ef um hjón eða sambýlisfólk er að ræða, ræður aldur þess sem fyrr verður 67 ára án tillits til þess hvort þeirra er skráð fyrir eigninni.
4. Við andlát maka styrki sveitarsjóður eftirlifandi um sömu upphæð og nemur álögðum fasteignaskatti ársins.

Samþykkt á 304. fundi sveitarstjórnar þann 8. nóvember 2018

Sveitarstjóri Húnaþings vestra